integral MapInfo Interchange Format (\*.mid, \*.mif- note all files are to the format and should be copied together)

Autocad DWG (\*.dwg)

excavation area RECTIFIED\_PHOTO Contains the rectified kite photo of the

and Recorded in GeoTiff format in two files. \*.tif contains the terrain model \*.aux contains the geo-referencing information

**ST6** Contains all files pertaining to possible structure ST6

structure DET09\_ST6\_50CM\_CONTOUR 5cm contours of the possible

integral to Recorded as 3 different vector formats ESRI ShapeFile (\*.sbn, \*.shx, \*.shp, \*.dbf- note all files are the format and should be copied together)

MapInfo Interchange Format (\*.mid, \*.mif- note all files are



integral to the format and should be copied together)  
Autocad DWG (\*.dwg)  
ST6\_DTM DEM of the possible structure  
Recorded in GeoTiff format in two files. \*.tif contains the terrain model  
and \*.aux contains the geo-referencing information  
**STRUCTURES** Contains all files pertaining to surface feature survey  
outwith the excavations  
DET09\_STRUCTURES Polygon data showing surface features  
Recorded as 3 different vector formats  
ESRI ShapeFile (\*.sbn, \*.shx, \*.shp, \*.dbf- note all files are  
integral to the format and should be copied together)  
MapInfo Interchange Format (\*.mid, \*.mif- note all files are  
integral to the format and should be copied together)  
Autocad DWG (\*.dwg)

# Rannsókn á koluðum plöntuleifum í sýnum frá fornleifarannsókn vegna Dettifossvegar.

Garðar Guðmundsson

## Inngangur

Við fornleifarannsókn sumarið 2009 á rústum í vegstæði Dettifossvegar voru reglulega tekin sýni úr mannvistarlögum. Tilgangur þessarar sýnatöku var margvíslegur og meðal annars að rannsaka kolaðar plöntuleifar en þær eru efni þessarar skýrslu.

Vegna þess hve stór þáttur plöntur eru í viðurværi mannsins getur rannsókn á leifum þeirra gefið mikilvægar vísbendingar um mataræði og lifnaðarhætti liðinna kynslóða. Slík rannsókn getur og veitt áhugaverðar upplýsingar um það gróðurfar sem var í nánasta nágrenni uppgrafterstaðarins. Við venjuleg varðveisluskilyrði rotna og eyðast plöntur fljótt en við sérstakar kringumstæður geta þær varðveist vel. Algengast er að plöntur varðveitist vegna þess að þær kolist, það er að þær komist í snertingu við eld og nái að kolast vegna skorts á súrefni frekar en að brenna til ösku. Stærri viðarkol eru vel sýnileg berum augum við uppgröft en koluð fræ og smærri jurtahluta er örðugt að greina í mannvistarlögum, sérstaklega dökkum jarðvegi. Því verður að verka sýnin á sérstakan hátt til að vinna smærri plöntuleifar, og í leiðinni einnig viðarkol, úr þeim og verður þeirri verkun lýst hér að neðan. Skýrsla þessi fjallar eingöngu um rannsókn á koluðum fræjum úr sýnum frá ofangreindum uppgræftri.

## Aðferðir

Til þess að spara tíma og fé var ákveðið að taka einungis nokkur sýni til rannsóknar til að byrja með til að kanna varðveislu og magn plöntuleifa í sýnunum. Tekin voru níu sýni frá mismunandi tegundum mannvistarlaga en sem líklegust voru til að innihalda vel varðveittar plöntuleifar (sjá töflu 1).

Kolaðar plöntuleifar voru unnar úr sýnunum með því að fleyta þeim í vatni, í þessu tilfelli í svokallaðri „Ankara“ vél (sjá mynd 1.). Vélin er tunna með rennandi vatni. Jarðvegssýni er hellt í hana, kolaðar jurtaleifar fljóta og eru fangaðar í sigti með 1mm og 0,3 mm möskvastærð. Þessi hluti sýnisins nefnist „flot“. Það innihald sýnisins sem er þyngra en vatn er fangað í tunnunni í grisju með 1mm möskvastærð. Þessi hluti sýnisins nefnist „fyrningar“. Það efni sem er minna en 1mm og þyngra en vatn fellur til botns í tunnunni og er hent. Flotið og fyrningarnar eru þurrkaðar, þeim pakkað og þær merktar. Flotið er sá hluti upphaflega sýnisins sem hér er til rannsóknar.

Flotið er skoðað undir víðsmásjá af Leica-gerð með x6-x40 stækkun. Fræ eru tínd úr sýninu og greind til tegunda.

## Niðurstöður



Mynd 1. Fleytingartunna.

Skrá yfir sýnin nú sem greind voru má sjá í töflu 1. Þar kemur fram sýnanúmer, númer og tegund mannvistarlags, stærð upphaflegs jarðvegssýnis í lítrum og stærð sýnis í millilítrum eftir fleytingu.

Númer sýnis	Númer mannvistarlags	Tegund mannvistarlags	Stærð upphaflegs sýnis í l	Stærð sýnis eftir fleytingu í ml
007	042	öskuhaugur	9	19
022	106	yfirborðslag	2	9
023	111	gólflag, troðið	1,2	15
028	154	ylling í eldstæði	3,5	43
040	238	gólflag	30	69
035	241	gólflag	1,5	5
037	246	ylling í holu	4	3
038	248	ylling í holu	8	24
039	250	ylling í holu	10	26

Tafla 1

Fræ fundust einungis í tveimur af nú af þeim sýnum sem rannsökuð voru og er greining þeirra sett fram í töflu 2.

Sýnanúmer; tegund mannvistarlags Jurta tegund	Sýni 007 öskuhaugur	Sýni 028 ylling í eldstæði
<b>Caryophyllaceae Hjartagrasaett</b>		
<i>Stellaria media</i> ; Haugarfi	3	3
<b>Ericaceae Lyngætt</b>		
<i>Empetrum nigrum</i> ; Krækiber		1
<b>Poaceae Grasaett</b>		
Gramineae sp.; Gras, ógreinanlegt til tegundar	1	
<b>Cyperaceae Stararætt</b>		
<i>Carex</i> sp. flatt; Stör	1	1
<b>Fræ, ógreinanleg til tegundar</b>		6
<b>Alls</b>	5	11

Tafla 2

Eins og sjá má í töflu 2 þá eru ákaflega rýrar heimtur úr þessum sýnum, bæði hvað varðar fjölda fræja og tegunda. Reynsla höfundar hefur sýnt að fjöldi fræja í fornum íslenskum mannvistarlögum er að jafnaði afar lítill en þessi sýni er óvenju fátækleg. Það reyndist einungis mögulegt að greina sjö fræ til tegunda, sex haugarfafræ og eitt fræ úr krækiberi. Auk þessa voru í sýnunum eitt fræ af ógreindri grastegund og tvö fræ af ógreindum störum. Sex fræ voru ógreinanleg til tegundar. Fræ allra þessara jurtategunda eru algeng í sýnum úr fornum mannvistarlögum hér á landi.

Þessi niðurstaða úr greiningu gefur frekar takmarkað svigrúm til túlkunar og ályktana um viðurværi og gróðurfar. Þau koluðu fræ sem fundust í sýninu úr öskuhaugnum, sýni 007, hafa vissulega kolast í eldi og því borist í öskuhauginn úr eldstæði. Hvort þau hafi kolast í því eldstæði sem sýni 028 var tekið úr er ekki hægt að fullyrða. Vegna þess að fræin í sýnum 007 og 028 eru upprunnin í eldstæðum er hér fjallað um þau saman.

Haugarfi er eitt algengasta illgresi við bæi og mannaból. Hann lifir í næringarríkum jarðvegi og, einsog nafnið ber með sér, á mykjuhaugum. Haugarfi er þó ágætis nytjajurt: hún er t.d. góður C-vítamín gjafi og virk lækningajurt, bæði við út- og innvortis meinum. Víst má telja að haugarfi hafi verið notaður bæði til matar og lækninga hér á landi til forna þó ekki verði fullyrt að haugarfafræin í sýnunum sem hér eru til umfjöllunar séu til komin vegna nytja frekar en af tilviljun. Þau eru stutt að komin, sennilega utan af hlaði, sem styður tilgátu um tilviljun.

Krækiber eru lengra að komin. Þau eru einnig algeng matjurt og má ætla að krækiber hafi verið tínd og þeirra neytt á staðnum. Gjöful berjalönd eru nú á heidum í nágrenni uppgraftarstaðarins.

Grasfræið og starufræin eru varla tilkomin í mannvistarlögin sem matjurtir. Margar orsakir kunna að liggja til þess að þau hafi hafnað í eldi og kolast. Þurrt gras kann, t.d., að hafa verið notað við uppkveikju og störin sem húsdýrafóður. Starir eru algengar votlendisjurtir og gefur nærvera þeirra vísbendingar um votlendisnytjar.

### **Lokaorð**

Níu jarðvegssýni sem tekin voru úr mannvistarlögum við fornleifauppgröft á rústum í vegstæði Dettifossvegur voru tekin til rannsóknar. Í einungis tveimur þessara sýna fundust koluð fræ, alls 16 fræ. Sjö fræ var unnt að greina til tegunda, þrjú til ættar eingöngu og sex fræ var ekki hægt að greina. Tvær jurtategundirnar, haugarfi og krækiber, kunna að hafa verið nýttar sem matjurtir, en gras og stór sem skepnufóður. Jurtaleifarnar bera vott um nytjar á graslendi, votlendi, heiðum og mólendi.

## Dettifoss 2009

### Gripir

Guðrún Alda Gísladóttir tók saman.  
Sólveig Guðmundsdóttir Beck, greindi steina.

Á vettvangi voru skráð 42 fundanúmer, af þeim voru 3 númer felld brott í úrvinnsluferlinu: 012, 023 og 037, en það voru óunnir smásteinar úr basalti og moldarklumpar. Um forvörslu gripanna sá Jannie Amsgaard Ebsen hjá Odense Bys Museer í Danmörku.

Fundasafnið úr uppgreftinum kemur allt af svæði 1 þar sem grafin var upp rúst [23] sem er talin vera bústaður og hluti rústar [15] sem er talin vera skepnuhús. Gripasafnið samanstendur aðallega af járni og steini, en auk þess fannst einn gripur úr silfri, einn úr kopar og einn úr horni/beini. Þá fundust einnig ummerki um málmsmíðar (gjall). Samkvæmt gjóskulögum er talið að mannvirkin sem rannsókuð voru hafi verið reist talsvert fyrir 11. öld og öll byggð beint ofan á landnámslaginu svokallaða sem er tímasett til 871+/- 2.<sup>12</sup> Gripirnir eru því allir fundnir í lögum frá víkingaöld.

Gripirnir koma úr alls 20 mannvistarlögum, langflestir úr lögum í grennd við og inni í húsi [23]. Flestir fundust í lögum utandyra, lögum sem voru fast vestan við húsið eða 24 fundanúmer (sjá gripi nr. 005-011, 013-018, 021, 024-026, 028, 029, 031, 035, 036, 040 042 úr lögum [13, 20, 33, 35, 51, 185, 242, 260, 261, 554]). Einn gripur er fundinn utan við rústina að austanverðu, 027 úr lagi [44]. Innan úr húsinu [23] eru skráð 6 fundanúmer (002-004, 030, 033, 039 úr lögum [10, 41, 114 og 250]) og 1 gripur fannst í dyraopinu, 022 úr lagi [024]. Innan úr húsi [015], meinta skepnuhúsinu eru skráðir 4 gripir, 001, 020, 032 og 034 úr lögum [11, 80, 102 og 192].

Langflestir úr lagi númer [13] sem er lýst sem lífrænu, fitukenndu lagi fast vestan rústar [23]. Þetta þunna lag er talið vera ruslag frá byggingu [23] eða útmokstur úr húsunum þar sem ýmislegt bendir til að stungið hafi verið út úr þeim þegar þau voru endurbætt. Gripirnir úr þessu lagi [13] eru aðallega brotnir járngríp og svolítið gjall sem bendir til málmsmíða - jafnvel endurnýtingar úr sér genginna gripa. Þarna er þó líka að finna heilan hnif og leifar beinkambs. Gripirnir úr lagi [13] bera númerin 005-018 og í laginu var mikið af viðarkolum og viðarösku og svolítið af heyleifum. Næstfundarikast er lag [10] sem er torfhrun og vindblásinn jarðvegur ofan í rúst [23] – og er því frá þeim tíma þegar húsið er að falla saman - falla úr notkun. Lagið mikið raskað af rótarskoti stórra víðtrjáa. Í þessu lagi fundust þrjú gripir; heill alur, nagli eða hnoðnagli með brotinn legg og gjall. Í öllum öðrum mannvistarlögum sem í voru gripir voru þeir einn til tveir talsins: [11, 20, 24, 33, 35, 41, 44, 51, 80, 102, 114, 185, 192, 242, 250, 260, 261 og 554].

---

<sup>12</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson 2008. *Fornleifarannsókn í Kelduhverfi, við Dettifossveg 2008*, 3.

## Silfur

Í byggingu [015] sem er talin m.a. hafa verið skepnuhús fannst næla úr silfri, 020. Hún fannst upp við vegg í gólflagi númer [080]. Nælan er einföld, hringlaga eða örlítið sporöskjulaga og samanstendur af hring og þorni. Næluhringurinn hefur hringlaga snið þar sem þornið er fest, eða 2x3 mm í þvermál, en er flatur annarsstaðar ca. 1 mm á þykkt og 3,5 mm breiður. Þornið er 26 mm langt og hefur verið snúin lykkja á annan enda þess til að festa það við hringinn. Heildarþvermál nælunnar er um 23 mm. Nú er hún beygð og löskuð og hefur verið tekin í sundur þar sem þornið leggst að fletinum. Sennilega hafa 'endar' hringsins ekki náð saman en slíkt er talið algengt á hringnælum frá víkingaöld,<sup>13</sup> en oft eru endarnir skreyttir með hnúðum, jafnvel



Mynd 1. Silfurnæla DET09-020.

dýrstrjónum, en svo er ekki á þessari nælu. Engar einfaldar hringnælar úr silfri frá víkingaöld eru skráðar í Kumli og haugfé en einfalda látlauða gripi sem slíka er erfitt að tímasetja en svona nælar falla vel að gerðum frá víkingaöld og miðöldum. Nælan fannst í gólflagi, alveg upp við vegg og hefur sennilega týnst þar.

## Koparblanda

Eitt smábrot úr kopar fannst, númer 039 en það er ógreinanlegt vegna smæðar sinnar. Það fannst í mannvistarlagi [250] sem er laus fylling í 30 cm djúpri holu með miklu af viðarkolum og viðarösku. Hóla þessi eða niðurgroftur er staðsett við norðurgöfl byggingar [023].

## Járn

Járn úr rannsókninni er ágætlega varðveitt sé á heildina lítið þó það sé svolítið breytilegt eftir mannvistarlögum.

Stærsti einstaki efnisflokkurinn er járn og eru gripirnir 17 talsins. Þrátt fyrir fæðina mynda þeir óvenju fjölbreytt safn af vel varðveittum gripum sé miðað við dæmigert gripasafn frá þessum tíma. Stærsti flokkurinn er, eins og oft er, naglar af ýmsum gerðum; venjulegir naglar, hnoðnaglar/naglar og rær. Samtals eru þeir átta talsins: 004 [10], 005 [13], 008 [13], 010 [13], 017 [13], 018 [13], 019 [lausafundur] og 035 [185]. Langflestir koma naglarnir úr mannvistarlagi [13] sem fjallað er um hér að framan og allir eru þeir brotnir og beygðir sem bendir að þeir hafi verið úr sér gengnir. Öll mannvistarlögin sem þeir koma úr eru einskonar ösku/ruslalög enda hefur þessum gripum verið hent eða kannski átt að endurnýta þá. Með þessum brotnu gripum fundust líka gjalleifar sem benda til málmvinnslu af einhverju tagi.



Mynd 2. Hnífur DET09-022. Hann er 73 mm langur

<sup>13</sup> Kristján Eldjárn 2000. *Kumli og haugfé*, 371.

Næststærsti flokkurinn eru hnifar, fjórir talsins: 016 [13], 022 [24], 027 [44] og 032 [102]. Þeir eru fundnir bæði utan-og innandyra og í báðum rústunum. Allir eru þeir heilir og eru á bilinu 57-112 mm langir. Séu þeir bornir saman við gerðfræði hnifa sem fundust við rannsóknir í York á Englandi falla þeir allir að tegundum sem voru almennar á víkingaöld og ekki betur tímansetjanlegar en það. Aðeins hnifur númer 016 fellur undir gerð A3 sem í York er talin vera frá tímabilinu ca. 930/5-ca.975.<sup>14</sup> Fundarstaðir þessara heilu hnifa er mismunandi en þeir hafa týnst í ruslögum, gólfögum og lögum innan bygginga.

Aðrir járngrípjar sem vert er að minnst á eru alur 003 úr mannvistarlagi [10]. Hann er heill með leifar viðarskafts. Armurinn dregst að sér eftir því sem neðar dregur



Mynd 3. Alur, DET09-003. Hann er 86 mm langur.

og endar í oddi. Þversnið armsins er ferhyrnt (5x5 mm) neðan skafts en verður hringlaga eftir því sem nær dregur oddi. L: 86 mm. 47 mm frá enda skafts og niður að oddi. Þá er það líng jærnplata, sennilega hespa, númer 021. Hún er flöt að neðanverðu en örlítið kúpt að ofanverðu og örlitil sveigja fremst niður að króknum. Hún er svipuð að breidd fremst og aftast. Krókurinn er rétt inna við fremsta

hlutann. Þessi hlutur gæti verið hespa af kistli en slíkir gripir eru vel þekktir frá víkingaöld.<sup>15</sup> Aðrir járnhlutir eru ógreinanlega smábrot 014, 0130 og 001. Gripur númer 010 sem er nagli er lausafundur.

### Málmvinnsla

Átta númer af 42 eru skráð sem leifar málmvinnslu (gjall), alls 813,2 g. Dreifist gjallið um sjö mismunandi mannvistarlög:

Númer	Mannvistarlag
09-002	10
09-007	13
09-015	13
09-031	33
09-033	114
09-034	192
09-036	242
09-041	260

Þetta tæplega kíló af gjalli bendir til smávægilegrar málmvinnslu e.t.v. nauðsynlegra lagfæringa en ekki málmsmíða í miklum mæli. Til samanburðar má geta þess að í og við smíðju frá víkingaöld í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp hafa fundist hátt 100 kíló af

<sup>14</sup> Ottaway, Patrick 1992. *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate*, 460

<sup>15</sup> Ottaway, Patrick 1992. *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate*, 645

gjalli.<sup>16</sup> Mest af gjallinu (nr. 031) fannst í öskulagi [33] utan byggingar [23]. Þó voru það aðeins tæplega 300 g og voru þau innan um kol og bein eins og oft er, en engir gripir komu úr þessu lagi. Tæplega 250 g fundust í hinu fundarika lagi [13] en þar í var einnig talsvert um brotna járngrípi, sjá umfjöllun hér að framan. Afgangur gjallsins fannst bæði í samhengi við kol og bein en einnig hafa örfrá grömm borist í hreint torfhrun og vindblásin lög.

### Steinar

Alls voru hirtir 14 steinar í rannsókninni, skráðir undir 11 fundanúmer. Langflestir steinarnir eru aðfluttir skrautlegir steinar, alls 10 talsins. Aðallega eru þetta basaltsteinar með zeólít holufyllingum eða zeólít, en einnig grágrænleitt steinbrot, sennilega ópal. Meðal steinanna er einnig að finna óunna eldbrunna basaltsteina, nr. 042 eru e.t.v. hitunar- eða soðsteinar upprunalega en um slíkt er ekki hægt að fullyrða frekar, en þeir fundust í stoðarholu [554], hugsanlega til að styðja við stoð. Athyglisvert er brot nr. 006 sem er ógreinanlegt til tegundar en efnið er mjúkur innfluttur steinn, sennilega kléberg. Steinninn er flatur, hefur verið skorinn þvert í annan endann en hinn er rúnaður. Ekki sjást leifar af sóti né er brotið ihvolft líkt og grýtubrot eru oft. Steinninn fannst í ruslalagi [013] og hefur að líkindum verið hent. Oft eru klébergsbrot upprunalega úr grýtum sem hafa brotnað og brotin svo endurunninn í smærri gripri, svo sem snældusnúða eða perlur. Flestir steinanna koma úr lagi [13] eða fjórir talsins. Fundarstaðir steinanna eru annars fjölbreyttir, öskulög, torflög og í holum ásamt kolum og ösku.

### Bein

Einn beingripur fannst við rannsóknina, kambur, illa varðveittur og fúinn. Kamburinn er sennilega fremur úr horni fremur en beini og fannst í 18 hlutum. Mörg brotanna er aðeins ysta skænið af horninu. Verður honum hér lýst eftir því sem hægt er: Stærsta einstaka brotið er af oka, 20 mm breitt og 56 mm langt. Er brotið skreytt tíglaþynstri með punkti í miðju. Tíglaskreytið er afmarkað með fjórum þverrákum yfir okann. Skreytið er gert með því að rista í beinið/hornið. Þá eru tvær tannplötur fastar við okann, 6 mm þykkar, allar tennur brotnar af. Þá er auk þess eitt tannplötubrot til viðbótar, með brotnum tönnum. Kamburinn hefur verið festur saman með járnöglum. Skreyttir beinkambar eru vel þekktir frá víkingaöld og miðöldum<sup>17</sup> og sker skreyti og gerð kambarsins úr rannsókninni sig ekki frá þeim.

### Að lokum

Þetta litla gripasafn úr rannsókninni er óvenjulegt fyrir margra hluta sakir, skal þar fyrst telja silfurnæluna og meintu hespuna, sem eru fágætir gripir. Þá er sjaldgæft að finna eingöngu heil tól við fornleifarannsókn, líkt og hnífana og alinn. Þá er einnig athyglisvert að aðeins fundust örfáir naglar, allir ónýtir og allir nema einn í lögum utandyra, sennilega verið hent eða átt að endurvinnna þá. Alla steingripi vantar, ekki fundust neinir gripir sem benda til tóvinnu, s.s. kljásteinar eða snældusnúðar. Undarlegast er að ekkert brýni skildi koma fram, en það er algengasti fundurinn úr steini, utan óunnra aðfluttra skrautlegra smásteina eins og þeirra sem fundust við rannsóknina. Ekki fundust örugg merki um eldunaráhöld eins og grýtubrot (þó ógreinanlega klébergsbrotið nr. 006 sé visbending um slíkt) né járnplötur sem gætur bent til potts. Mannvirki [23] er á þessu stigi talið vera bústaður og mannvirki [15] skepnuhús. Langflestir gripanna fundust utan vestan við hús [23] aðeins örfáir

<sup>16</sup> Adolf Friðriksson o.fl. (ritstj.), 2006, *Vatnsfjörður 2005*, 57; Karen Milek (ritstj.), 2007, *Vatnsfjörður 2006*, 37.

<sup>17</sup> Kristján Eldjárn 2000. *Kuml og haugfé*, 397



innandyra og í skepnuhúsi [15]. Vitað er að fleiri minjar leynast undir sverði á svæðinu svo ekki er loku fyrir það skotið hér að frekari rannsóknir myndu breyta þeirri mynd sem þetta litla en sérstaka gripasafn bregður upp. Það gripasafn sem í ljós kom við rannsóknina gefur til kynna að ekki sé þarna venjulegur bær, til þess vantar of marga gripi (og magn gripa) sem benda til þeirra starfa sem unnið var að allan ársins hring, heldur freistandi að álykta að þarna hafi fremur verið árstíðabundin búskapur.

- Adolf Friðriksson, Torfi H. Tulinius og Garðar Guðmundsson (ritstj.) 2006. *Vatnsfjörður 2005. Fornleifarannsóknir/Fieldwork at Vatnsfjörður, NW – Icleand 2005* (FS301-03095). Höfundar efnis: Adolf Friðriksson, Oscar Aldred, Colleen Batey, Ramona Harrison, Aaron Kendall, Kate Krivogorskaya, Tom McGovern, Karen Milek, Seth Brewington, Torfi H. Tulinius, Ragnar Edwardsson, Ian Simpson. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Karen Milek (ritstj.) 2007. *Vatnsfjörður 2006. Framvinduskýrslur/Interim Report* (FS356-03096). Höfundar efnis/with contribution by Albína Pálsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Karen Milek, Magnús Á. Sigurgeirsson, Oscar Aldred, Thomas McGovern, Uggi Ævarsson and Véronique Forbes. Reykjavík 2007, Fornleifastofnun Íslands.
- Kristján Eldjárn 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. 2. útgáfa*. Adolf Friðriksson ritstj. Reykjavík, Mál og menning.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2008. “Fornleifarannsókn í Kelduhverfi, við Dettifossveg. Gjóskulagagreining.” *Fornleifarannsókn á framkvæmdasvæði fyrirhugaðs Dettifossvegar: Tóveggjarstekkur, Hræreksstaðir og Maríugerði. (FS400-08221)*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.
- Ottaway, Patrick 1992. *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate, York. Fascicule 17/6*. York Archaeological Trust/Council for British Archaeology.

# Skordýragreining á sýnum frá uppgreftrinum að Dettifossvegi

Hrönn Konráðsdóttir BA. MSc.  
*Fornvistfræðingur*

## **Inngangur**

Markmið verkefnisins var að greina skordýraleifar úr nokkrum sýnum frá uppgreftrinum að Dettifossvegi til þess að sjá hvort þær nýttust við túlkunina á staðnum. Sex sýnum úr jafnmörgum mannvistarlögum var fleytt með steinolúfleytingu og skordýraleifarnar tíndar úr og greindar til tegunda þar sem það var hægt. Niðurstöður tegundagreiningana voru síðan notaðar til að meta umhverfisaðstæður í nánasta umhverfi staðarinnis og athafnir manna innanhúss.

## **Aðferðir**

Eitt sýnið var sérstaklega ætlað til skordýrarannsóknna en önnur sýni voru úr gólfögum og öðrum þjöppuðum lögum sem þóttu áhugaverð til slíkra rannsókna (tafla 1). Öll sýnin voru úr íveruhúsi og mögulegu fjósi. Yfirleytt er mælt með að sýni sem ætluð eru til skordýrarannsóknna séu 5 lítrar, en þessi sýni voru aðeins 3 eða 4 lítrar hvert. Minni sýni gætu haft neikvæð áhrif á fjölda skordýra eða tegundafjölbreytileika en það er erfitt að meta slíkt því ekkert af sýnunum var 5 lítrar. Þar sem það virðist ekki vera mikill munur á 3 og 4 lítra sýnunum er þó talið að 1-2 lítrar í viðbót hefðu að öllum líkindum ekki haft afgerandi áhrif á niðurstöðuna.

<i>Sýni</i>	<i>Mannvistarlag</i>	<i>Magn fleytt (L)</i>
15	80	3
17	102	4
19	110	4

20	112	3
24	121	3
25	149	3

Tafla 1. Sýnin, mannvistarlögin sem þau eru úr og fleytt magn

Sýnunum var fleytt með steinolíufleytingu, eins og lýst var af Coop og Osbourne (1968), en með nokkrum breytingum. Fleytingin fór fram í kjallara Vonarstætis 4, þar sem höfundur hefur útbúið tímabundna fleytingaraðstöðu fyrir Alþingisreitsverkefnið. Skordýraleifarnar voru tíndar úr í víðsjá á rannsóknarstofu vatnalíffræðinnar við Háskóla Íslands. Þvínæst voru þær greindar til tegunda með aðstoð skordýrasafnsins á Náttúrufræðistofnun auk skordýrasafns höfundar og greiningarlykla. Fjöldi skordýra af hverri tegund var síðan reiknaður út með MNI (Minimum Number of Individuals) aðferðinni, þar sem fjöldi algengasta hluta skordýrsins, eins og t.d. höfuðs eða skjaldvængja ræður fjölda dýra. Við flokkunina og túlkunina var notast við forritið BugsCEP (Buckland and Buckland 2006), en einnig upplýsingar úr óútgefnu efni frá Erlingi Ólafssyni skordýrafræðingi á Náttúrufræðistofnun auk annars ritaðs efnis sem tiltekið er í heimildarskrá.

## Niðurstöður

Fjöldi tegunda og einstakra skordýra var ekki hár, aðeins 64 einstaklingar af 17 tegundum fundust í þessum sýnum. Fjöldinn er ekki nægur til tölfræðigreininga en þó er hægt að nota tegundirnar sem fundust til að draga ályktanir úr um umhverfið og notkun bygginga á svæðinu. Varðveislan var frekar góð en þó var dálítið af ógreinanalegum litlum brotum af kítínskeljum skordýra í öllum sýnunum. Það voru eingöngu bjöllur í þessum sýnum og niðurstöður tegundagreiningana er hægt að skoða hér að neðan í töflu 2.

<b>Tegundir</b>	<b>15</b>	<b>17</b>	<b>19</b>	<b>20</b>	<b>24</b>	<b>25</b>
<b>Coleoptera</b>						
Carabidae						
<i>Patrobus septentrionis</i> Dej.			2	2	1	3
<i>Pterostichus</i> sp.		1				1
<i>Calathus melanocephalus</i> (L.)		1	5			
<i>Amara quenseli</i> (Schön.)			1			
Staphylinidae						
<i>Omalium</i> sp.					1	
<i>Xylodromus concinnus</i> (Marsham)		1		1	2	
<i>Xylodromus</i> sp.	1		1			
<i>Atheta</i> sp.		1				
<i>Oxypoda</i> sp.	1					
Elateridae						
<i>Hypnoidus riparius</i> (F.)	1					
Byrrhidae						
<i>Byrrhus fasciatus</i> (Forst.)		1	1	1		1
Cryptophagidae						
<i>Cryptophagus</i> sp.			1	1	1	1
Latridiidae						

<i>Latridius minutus</i> (L.)					2	
Latridius sp.				1	1	1
Scarabaeidae						
<i>Aphodius lapponum</i> Gyll.	1	1	2	1		
Curculionidae						
<i>Otiorhynchus arcticus</i> (O. Fabricius)			1	1		
<i>Otiorhynchus nodosus</i> (Müll.)	1	2	3	4	3	4
sum:	5	8	17	12	11	11


Tafla 2. Tegundir og fjöldi einstaklinga af hverri tegund (MNI) í sýnunum.

Tegundunum var skipt í þær sem lifa einungis innahúss (synanthropic) og þær sem eru ekki háðar því skjóli og hita sem hinar þurfa (non-synanthropic). Þær fyrrnefndu eru yfirleitt vísbendingar um athafnir manna innanhúss en þær síðari, þó þær finnast innandyra, eru frekar mælikvarði á nánasta umhverfi. Það var ekki mikið af tegundum sem lifa innandyra en það kemur á óvart þar sem þessi sýni voru flest úr gólfögum. Þó er heildarfjöldi skordýra það lítill að einstaka skordýr hafa hlutfallslega mikil áhrif á þessa prósentu þannig að það er erfitt að meta hvort þessi munur er marktækur. Hver tegund var síðan flokkuð eftir því í hvaða umhverfi hún finnst aðalega (tafla 3) með aðstoð forritsins BugsCEP (Buckland and Buckland 2006) og annara heimilda. Flokkunin er auðvitað ekki svona einföld en þetta er aðalega gert til að sjá hlutföllin á milli búsetusvæða. Betri greining á búsetusvæðum tegundana og hvað það þýðir verður tíunduð síðar.

<i>Tegund</i>	<i>Umhverfi</i>	<i>Synanthropic</i>
<i>Patrobis septentrionis</i> Dej.	wetland/meadow	No
<i>Pterostichus</i> sp.	eurypic	No
<i>Calathus melanocephalus</i> (L.)	heathland	No
<i>Amara quenseli</i> (Schön.)	sparse vegetation	No
<i>Omalium</i> sp.	eurypic	No
<i>Xylodromus concinnus</i> (Marsham)	dung/foul	Yes
<i>Xylodromus</i> sp.	dung/foul	Yes
<i>Atheta</i> sp.	eurypic	No
<i>Oxypoda</i> sp.	eurypic	No
<i>Hypnoidus riparius</i> (F.)	eurypic	No
<i>Byrrhus fasciatus</i> (Forst.)	heathland	No
<i>Cryptophagus</i> sp.	moulding refuse	Yes
<i>Latridius minutus</i> (L.)	moulding refuse	Yes
Latridius sp.	moulding refuse	Yes
<i>Aphodius lapponum</i> Gyll.	dung	No
<i>Otiorhynchus arcticus</i> (O. Fabricius)	meadow	No
<i>Otiorhynchus nodosus</i> (Müll.)	meadow	No


Tafla 3. Tegundirnar flokkaðar eftir búsetusvæðum og hvort þær lifi aðalega innandyra.

Þá var prósentuhlutfall innanhúss tegunda reiknað út frá fjölda einstakra dýra (súlurit 1) en þar sést að í öllum nema einu sýnana eru utanhús tegundir greinilega ríkjandi.



Súlurit 1. Hlutfall innanhús tegunda í sýnunum.

Hlutfall búsetusvæða var einnig reiknað og sett upp í súlurit (súlurit 2). Tegundirnar úr þessum sýnum koma úr ýmiskonar umhverfi, allt frá þurru sendnum svæðum til mýrlendis en algengustu tegundirnar voru þær sem finnast aðalega á gróðursælum svæðum eins og túnum. Þó voru einnig algengar tegundir sem finnast í margs konar umhverfi og sumar nánast allstaðar, eins og t.d. *H. riparius* (smellibjalla) sem er mjög algeng á Íslandi og finnst jafnt á þurru svæðum sem og á árbökkum (Larsson and Gígja 1959). Þessar tegundir nýtast illa við rannsóknir eins og þessa því þær hafa lítið að segja um umhverfi byggingana því þær gætu komið úr nánast hvaða umhverfi sem er. Auk þessa eru nokkrar tegundir sem finnast aðalega í taði og mygluðum lífrænum leifum. Í sýni 24 eru sérstaklega mikið af þessum síðarnefndu og passar það vel við að það séu mikið af innanhús tegundum í því sýni, því slík mygla finnst aðalega innandyra hér á landi.



Súlurit 2. Hlutfall skordýra frá hverju búsetusvæði í sýnunum

Þær tegundir sem lifa venjulega utandyra og fundust í gólflogum gefa áhugaverðar vísbendingar um nánasta umhverfi staðarins á þeim tíma sem hann var í byggð. Til dæmis er *A. quenseli* (Gullsmiður), algengur á þurrum sendnum svæðum þar sem lítil gróðurþekja er (Larsson and Gígja 1959). *B. fasciatus* (Steinvarta) er einnig algeng á frekar þurrum svæðum og finnst hún aðalega þar sem er mosi (Lindroth, Andersson et al. 1973) enda er það aðal fæðutegund hennar (Larsson and Gígja 1959). Þrjár tegundir úr þessum sýnum lifa aðalega á túnnum, í graslendi og í melum (Larsson and Gígja 1959), *C. melanocephalus* (Kragasmiður) og ranabjöllurnar tvær, *O. nodosus* og *arcticus* (Hélukeppur og Silakeppur). *P. septentrionis* (Fjallasmiður) lifir í aðeins rakara umhverfi, yfirleitt í röku graslendi (Larsson and Gígja 1959). *A. lapponum* (Taðýfill) fannst í meirihluta sýnanna. Taðýfillinn lifir eingöngu í taði stórra húsdýra (Larsson and Gígja 1959) og er því greinileg vísbending um húsdýrahald á svæðinu.

Þau skordýr sem finnast aðeins innandyra úr þessum sýnum voru smáar bjöllur sem lifa á myglu og gróum. *L. minutus* (Húsvinur) er algeng um allt land, aðalega í heyllöðum og gripahúsum og finnst of í miklu magni í mygluðu heyi (Lindroth, Andersson et al. 1973) og einnig finnst hún oft í híbýlum, sérstaklega á öldum áður (Larsson and Gígja 1959). Allar tegundir af *Cryptophagus* lifa við svipaðar aðstæður og því er hægt að hafa þær með hér, þó ekki hafi verið hægt að greina þær sem fundust til tegundar. *X. concinnus* er einnig nokkuð algeng og hefur aðalega fundist í gömlu heyi (Lindroth, Andersson et al. 1973) og gripahúsum (Larsson and Gígja 1959).

## **Niðurstöður**

Það var ekki mikið af skordýraleifum í þessum sýnum, en þau sem tókst að greina til tegunda gefa vísbendingar um að nánasta umhverfi hafi verið blanda af röku graslendi og þurrum sendnum svæðum. Húsdýrahald var greinilega á svæðinu en erfitt er þó að meta hvort þau hafi verið tekin inni hús út frá þessum upplýsingum. Það er meðal annars vegna þess að þó að taðýfillin sé sönnun fyrir því að húsdýr hafi verið til staðar þá geta þær flogið og gera það oft þó þær fari sjaldnast langt (Lindroth, Andersson et al. 1973) og því gætu þær eins hafa flogið inn í rýmið sjálfar. Hins vegar eru litlu myglubjöllurnar greinileg vísbending um gamalt hey eða eitthvern annan lífrænan úrgang, þannig að það passar ágætlega við að það hafi verið til staðar einhverskonar gripahús, en þó er erfitt að segja til um það fyrir víst þar sem skordýrasafnið var það smátt í sniðum. Helst eru þessar vísbendingar að finna í sýni 24 og má segja fyrir víst að það sýni að minnsta kosti komi frá stað þar sem lífrænar leifar voru að brotna niður.

Það gæti vel hugsast að þetta háa hlutfall af tegundum sem lifa utandyra sé í rauninni vísbending fyrir því að búseta hafi verið það stutt á þessum bæ að hún hafi valdið því að það hafi ekki safnast mikið af skordýrum þar sem lifa einungis innanhúss. Þó getur verið að skýringuna sé aðalega að finna í varðveisluskilyrðum á svæðinu, en erfitt er að segja til um það fyrir víst, það gæti þó verið til bóta að skoða aðrar minjar á svæðinu til samanburðar. Höfundur getur þó ekki mælt með því að fleiri sýni frá þessum uppgreftri verði rannsökuð með aðferðum skordýrafræðinnar þar sem ekki er búist við því að það bæti nokkru við rannsóknina.

## **Þakkir**

Höfundur vill fá að þakka Dr. Erlingi Ólafssyni hjá Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir aðgang að skordýrasafninu þar og einnig Dr. Gísla Má Gíslasyni fyrir afnot af víðsjám og aðstöðu á vatnalíffræðirannsóknarstofu Háskóla Íslands. Auk þeirra vill höfundur einnig þakka Völu Garðarsdóttur fyrir afnot af fleytingaraðstöðunni í Vonarstrætinu.

## **Heimildir**

Buckland, P. I. and P. C. Buckland (2006). Bugs Coleopteran Ecology Package (Versions: BugsCEP v7; Bugsdata v7.11; BugsMCR v2.02; BugStats v1.22).



Coope, G. R. and P. J. Osborne (1968). "Report on the Coleopterous Fauna of the Roman Well at Barnsley Park, Gaucestershire." Transactions of the Bristol and Gloucestershire Archaeological Society **86**: 84-87.

Larsson, S. J. and G. Gígja (1959). Coleoptera. Copenhagen, Munksgaard

Lindroth, C. H., H. Andersson, et al. (1973). "Surtsey, Iceland. The Development of a New Fauna, 1963-1970. Terrestrial Invertebrates. ." Entomologica Scandinavia **Suppl.5**.







NORSEC

## Report on Analysis of Archaeofauna from 2009 Excavation of Dettifoss (DET), Iceland

Seth D. Brewington  
Ramona Harrison

CUNY Doctoral Program in Anthropology  
CUNY Northern Science & Education Center (NORSEC)  
Brooklyn College Zooarchaeology Laboratory  
Hunter College Bioarchaeology Laboratory

### NORSEC Zooarchaeology Laboratories Report No. 47

A product of the North Atlantic Biocultural Organization (NABO) Research Cooperative.

12 April 2010  
Contact: [seth.brewington@gmail.com](mailto:seth.brewington@gmail.com)

**ABSTRACT:** The 2009 archaeological excavations at the c. 10<sup>th</sup> century AD site of Dettifoss, Iceland produced some 353 bone and shell fragments. Of these, 138 fragments were identifiable to species. The assemblage, though generally poorly-preserved, is comprised of a variety of domestic animals and wild bird and fish species.

## INTRODUCTION

The 2009 archaeological excavations at the c. 10<sup>th</sup> century AD site of Dettifoss, Iceland produced some 353 bone and shell fragments. Though the preservation of the archaeofaunal assemblage was relatively poor, nearly 40% of the collection was identifiable to species level. This report presents the results of the zooarchaeological analysis of the Dettifoss archaeofauna.

## LABORATORY METHODS

Analysis of the Dettifoss archaeofauna was carried out at the Hunter College Zooarchaeology Laboratory. All fragments were identified as far as taxonomically possible (selected element approach not employed), though all ribs, long-bone shaft fragments, and vertebral fragments were assigned to “Large Terrestrial Mammal” (cattle-horse sized) and “Medium Terrestrial Mammal” (sheep-goat-pig-large dog sized) categories. Only those elements positively identifiable as *Ovis aries* were assigned to the “sheep” category, while all other sheep/goat elements were classified as “caprines.” Fish identifications follow the most current ICAZ Fish Remains Working Group recommendations (including most cranial and vertebral elements), with only positively identified fragments being given species level identification, thus creating a large cod-family or gadid category as well as a substantial number of unidentified fish bones. Following NABO Zooarchaeology Working Group recommendations and the established traditions of North Atlantic zooarchaeology, we have made a simple fragment count (NISP) the basis for most quantitative presentation. Mammal tooth-eruption and wear recording follows Grant (1982). General presentation follows Enghoff (2003).

Digital records of all data collected were made following the 9<sup>th</sup> edition NABONE recording package (Microsoft Access database supplemented with specialized Excel spreadsheets, available as a free download at <http://www.nabohome.org/index.html>).

## TAPHONOMY

As has long been acknowledged and thoroughly discussed by zooarchaeologists (e.g. Grayson 1984; Lyman 1994), archaeofauna are subject to a wide variety of environmental factors that impact the degree to which these remains do or do not survive in the archaeological record. A great many processes—such as scavenging, trampling, wind or water erosion, soil acidity, and site disturbance—can affect how much, if any, of an animal will remain in the archaeological record after it dies. Add to this the difficulties of obtaining full recovery of faunal assemblages in any archaeological excavation and it should become clear that archaeofauna are not direct representations of the past, but rather proxy data. As such, zooarchaeological data must be used with care and should be prefaced with an examination of the taphonomic factors that likely had an impact on the assemblage under study.

### Erosion

The vast majority of the Dettifoss archaeofaunal material was eroded to some extent, and much of it highly so. This overall poor state of preservation restricts to some extent the ability to identify some taphonomic features, such as butchery and scavenging; it also very likely indicates that much of the original faunal deposit has not survived in the archaeological record.

## Fragment Size

The maximum dimension of each bone fragment was measured and placed into one of five size categories. Table 1 presents the fragment size distribution for the Dettifoss mammal bones (because fish and bird bones are relatively small even when whole, these species are not included in the following analysis). The DET archaeofauna appears fairly fragmented, with the majority of mammal bone fragments measuring no more than 5 cm in length.

SIZE	COUNT	% NISP
0 – 1 cm	26	8.61
1 – 2 cm	62	20.53
2 – 5 cm	147	48.68
5 – 10 cm	54	17.88
> 10 cm	13	4.30
<i>Total</i>	302	100.00

**Table 1.** Mammal bone fragment-size.

BURN STATE	COUNT	% NISP
None	307	86.97
Black	1	0.28
White	45	12.75
<i>Total</i>	353	100

**Table 2.** State of burning for all material.

BUTCHERY MARKS	COUNT	% NISP
None	271	89.74
Butchery	31	10.26
<i>Total</i>	302	100.00

**Table 3.** Mammal bones exhibiting some sign of butchery.

BUTCHERY TYPE	COUNT	% NISP
Chopped	24	72.73
Knife	3	9.09
Split	6	18.18
<i>Total</i>	33	100.00

**Table 4.** Mammal bones exhibiting some sign of butchery.

## Burning

As is illustrated in Table 2, the majority (approximately 87%) of bone in the assemblage is unburned. Of the material that is burned, nearly all has been burnt to a calcined (white in appearance) state. Calcined bone has been heated to a higher degree than has bone that is blackened.

## Butchery

Signs of butchery appear on just over 10% of the mammal bone from Dettifoss (Table 3.). Of those bones exhibiting butchery marks, most (nearly 73%) were chopped, while the others were either split laterally (particularly the longbones) or cut with a knife (Table 4.). It is of course possible that the percentage of bone with visible butchery marks might have been significantly higher, were the material not in a relatively poor state of preservation.

## Scavenging

Though it is not uncommon to find signs of scavenging by dog and/or rodents in Icelandic archaeofaunal assemblages, there was only one such mark (left by a dog) evident on the Dettifoss material. As with the butchery marks, however, it should be noted that scavenging marks are far less likely to be detectable in material that is as highly eroded as the DET assemblage.

## SPECIES PRESENT


### Overview of Taxa

Analysis of the Dettifoss faunal assemblage has identified several species of domestic mammals, birds, fish, and mollusk. Table 5 presents the total number of specimens for each of these basic taxonomic categories as well as a tally of the total number of identifiable specimens (NISP) and a grand tally of all specimens recovered (total number of fragments, or TNF). The TNF count includes those specimens that were either identifiable to the Medium Terrestrial Mammal (MTM) and Large Terrestrial Mammal (LTM) categories or were identifiable only as faunal material (Unidentified, or UNI).

TAXON	NISP	% of NISP
<b>DOMESTICATES</b>		
<i>Bos taurus</i> (cattle)	14	10.14
<i>Equus caballus</i> (horses)	1	0.72
<i>Ovis aries</i> (sheep)	4	2.90
Caprine (sheep or goat)	69	50.00
<i>Total Caprines</i>	73	52.90
<i>Total Domesticates</i>	88	63.77
<b>BIRDS</b>		
<i>Fulmarus glacialis</i> (Northern fulmar)	6	4.35
Uria species (murre/guillemot)	1	0.72
Indeterminate bird species	2	1.45
<i>Total Birds</i>	9	6.52
<b>FISH</b>		
<i>Gadidae</i> (cod family)	2	1.45
<i>Gadus morhua</i> (Atlantic cod)	2	1.45
<i>Hippoglossus hippoglossus</i> (Atlantic halibut)	2	1.45
Indeterminate fish species	14	10.14
<i>Total Fish</i>	20	14.49
<b>MOLLUSCA</b>		
<i>Mya</i> species (clam)	6	4.35
Indeterminate mollusk species	15	10.87
<i>Total Mollusca</i>	21	15.22
<b>TOTAL NUMBER OF IDENTIFIED SPECIMENS (NISP)</b>		
	138	100.00
Medium Terrestrial Mammal	102	
Large Terrestrial Mammal	30	
Unidentified Mammal Fragments	82	
Unidentified Species	1	
<b>TOTAL NUMBER OF FRAGMENTS (TNF)</b>	353	

**Table 5** (Previous Page). Total counts of specimens per taxonomic category. The NISP row presents tallies of specimens identifiable to species level, while the TNF count includes all specimens, including those not identifiable to species level.

Figure 1 illustrates the relative prominence of each of the major taxa represented in the DET archaeofauna. As is evident in this graph, domestic mammals (cattle, caprines, and horse) make up the majority of the total number of specimens identifiable to species level (NISP). It must be noted, however, that these relative proportions are based on a quite small sample size; only 138 specimens were identifiable to species level. Consequently, while it is worth noting relative percentages of species representation in the DET assemblage, we should be careful not to see these relationships as necessarily being highly accurate reflections of actual species representation at Dettifoss.



**Figure 1.**

### **Domestic Mammals**

Table 6 presents species representation within the domestic-mammal component of the Dettifoss archaeofauna. The domestic assemblage is dominated by sheep (*Ovis aries*) and caprines, a category that is comprised of both sheep and goat (*Capra hircus*). Sheep and goat skeletons are morphologically very similar to each other and are distinguishable on only a very few elements (Zeder & Pilaar 2010). None of the DET material was positively identified as goat, while only four specimens were identified as sheep; the vast majority of elements were only identifiable to the caprine level.

The second-most common domesticate in the assemblage is the cow (*Bos taurus*). While this animal accounts for about 16% of the DET domesticates, it should be stressed again that we are speaking here of very small sample sizes – only 14 cow bones were identified in total. Horses (*Equus caballus*) are represented by an even smaller sample size, with one well-worn incisor having been identified in the assemblage.

DOMESTICATES	COUNT	% NISP
Cattle	14	15.91
Sheep	4	4.55
Caprines	69	78.41
Horse	1	1.14
<i>Total</i>	88	100.00

**Table 6.** Counts and relative percentages of domesticate mammals.

### Birds

A total of 9 bird bones were identified in the assemblage. The majority (two-thirds) of these were identified as fulmar (*Fulmarus glacialis*) (Table 8.). The presence of this species of bird in Iceland at such an early date is highly unexpected, since it is believed this species did not come to Iceland before the 18<sup>th</sup> century. Nevertheless, fulmar bones from a minimum of 2 individuals were positively identified in the Dettifoss assemblage (the material comes from contexts 42 and 33). Despite this intriguing find, the very small sample size of the DET assemblage prohibits a confident interpretation of wild-bird exploitation practices at the site.

BIRDS	COUNT	% NISP
Fulmar	6	66.67
Murre/Guillemot	1	11.11
Indeterminate bird species	2	22.22
<i>Total</i>	9	100.00

**Table 8.** Counts and relative percentages of all bird bone.

### Fish

Table 9 provides the bone counts and relative percentages of the species of fish identified as well as the unidentified fish bone. Figure 6 provides a graph of the relative proportions of each of the identified fish species. Of the specimens identifiable to species level, the cod family (*Gadidae*) makes up the largest component. Most of the fish material was too fragmented and eroded to allow for identification of species.

## Mollusks

Six of the 21 mollusk fragments were identifiable to species level, and all of these were clams (*Mya* species) (Table 10). Poor preservation conditions prohibited positive species identification for the majority of shell material in the Dettifoss assemblage.

FISH	COUNT	% NISP
Cod family	2	10.00
Atlantic cod	2	10.00
Halibut	2	10.00
Indeterminate fish species	14	70.00
<i>Total</i>	20	100

**Table 9.** Counts and relative percentages for all fish bones.

MOLLUSCA	COUNT	% NISP
Clam species	6	29.00
Indeterminate mollusk species	15	71.00
<i>Total</i>	21	100.00

**Table 10.** Counts and relative percentages for mollusks.

## CONCLUSION

The relatively small size and poor preservation of the archaeofauna assemblage does not, unfortunately, allow for a robust examination of the role of animals in the domestic economy of Dettifoss. We are unable, for example, to investigate herding or culling strategies, or to discuss the nature of seabird or fish exploitation. Nevertheless, the assemblage does provide enough detail to suggest a domestic economy that relied primarily on the keeping of sheep and/or goats as well as at least some cattle, and supplemented with fish such as cod and halibut. The assemblage also provides clear evidence of the exploitation of other marine resources, such as seabirds and mollusks. Also notable is the presence of the remains of at least two fulmars, a species not generally believed to have reached Iceland before about the 18<sup>th</sup> century AD. Unfortunately, the very small sample size precludes a determination of whether these birds represent a very early population or merely two or three errant individuals.

## REFERENCES CITED

Enghoff, I.B.

2003 *Hunting, Fishing, and Animal Husbandry at the Farm Beneath the Sand, Western Greenland: An Archaeozoological Analysis of a Norse Farm in the Western Settlement.* (Meddelelser om Grønland: Man and Society 28). Meddelelser om Grønland, Copenhagen.



Grant, A.

- 1982 The Use of Tooth Wear as a Guide to the Age of Domestic Ungulates. In *Ageing and Sexing Animal Bones from Archaeological Sites*, B. Wilson, C. Grigson, and S. Payne (eds.), pp. 91—108. BAR British Series 109, Oxford.

Grayson, D.K.

- 1984 *Quantitative Zooarchaeology*. Academic Press, Orlando.

Lyman, R.L.

- 1994 *Vertebrate Taphonomy*. Cambridge University Press, Cambridge.

North Atlantic Biocultural Organization Zooarchaeology Working Group

- 2009 *NABONE Zooarchaeological Recording Package*, 9<sup>th</sup> Edition. City University of New York (CUNY), New York.

Zeder, A.M. and S.E. Pilaar

- 2010 Assessing the Reliability of Criteria Used to Identify Mandibles and Mandibular Teeth In Sheep, Ovis, and Goats, Capra. *Journal of Archaeological Science* 37:225—242.